



Ísafirði 5. mars 2007

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Varðar: Ósk um breytingu, heimild til breytinga, á heimreið
við sumarhús nr. 47 og 48 í Tunguskógi.

Undirritaður vill, f.h. eigenda ofangreindra sumarhúsa, fara þess á leit við Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar að hún hlutist til um, eða veiti samþykki sitt fyrir, að gerðar verði breytingar á heimreið upp að sumarhúsalöðum nr. 47 og 48 í Tunguskógi, enda er aðkoma þar erfið þar sem tenging við Skógarbraut er mjó og beygjur krappar. Einnig er ræsi samhlíða Skógarbraut of stutt.

Hugmyndir okkar eigenda falla að því að neðri endi heimreiðarinnar, sem tengist við Skógarbraut, verði breikkaður og að ræsi verði lengt til austurs. Einnig að grafið verði út úr (moldar-) barði á sama stað. Þannig yrði hægt að koma við bílastæðum fyrir 2-3 bíla án þess að það hefði áhrif á aðgengi að heimreiðinni.

Þá óska ég eftir upplýsingum um hvaða reglur gilda hjá Ísafjarðarbæ varðandi slíkar framkvæmdir, þ.e. hvort þær, að undangengnu samþykki, skulu greiddar af eigendum eða hvort Ísafjarðarbær stendur straum af slíkum kostnaði.

Virðingarfyllst
Vilhjálmur Antonsson
Vilhjálmur Antonsson

Vilhjálmur Antonsson
kt. 011049-4199
Aðalstræti 20
400 Ísafirði